

Sp.

109. Nefndarálit

[25. mál]

um till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að halda áfram að greiða upp-
bætur á laun opinberra starfsmanna.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. 6 nefndarmenn eru á móti þáttill. Einn nefndarmanna (ÁS) vill samþ. þáttill. með breytingum. Við undirritaðir leggjum til, að þáttill. verði samþ. óbreytt.

Sú skoðun kom fram í nefndinni, að þær launauppætur, sem heimilaðar yrðu með samþykkt þáttill., ætti að miða við launaupphæð og greiða uppætur aðeins á lægri laun.

Það er vissulega rétt, að þeir starfsmenn ríkisins, sem lægst laun hafa, þarfnast uppbotarinnar mest. En þess er rétt að minnast, að hér er um bráðabirgðalausn að ræða, og eins hins, að launalögin voru á sínum tíma sett í samráði við stéttarfélag þessara launþega. Misjafnar uppætur nú mundu raska þeim grundvelli, er þar var lagður. Verður að telja rétt, að breytingar á launakerfi starfsmanna ríkisins verði gerðar í samráði við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, en ekki gerðar með samþykkt þáttill., sem ætlað er að leysa þessi mál til bráðabirgða.

Á síðasta Alþingi var, 18. maí, samþykkt svo hljóðandi þingsályktun:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar rannsaka, hvort rétt sé, að kaup og kjör starfsmanna ríkisins eftir launalögum séu nú mun lakari en annarra starfsstétta vegna kauphækkana þeirra og kjarabóta eftir setningu laun-
laganna 1945, og ef svo reynist, heimilar Alþingi ríkisstjórninni að verja allt að 4 milljónum króna úr ríkissjóði til greiðslu uppóta á laun starfsmanna ríkisins á yfirstandandi ári. Ríkisstjórnin ákveður í samráði við stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, hverjir fái uppætur greiddar og eftir hvaða reglum.“

Sú rannsókn, sem um ræðir í þingsályktuninni, hefur farið fram. Fyrrverandi ríkisstjórn hefur notað heimildina um greiðslu uppóta. Enn fremur hefur fyrrv. ríkisstjórn greitt uppætur á laun starfsmanna ríkisins fyrir nóvembermánuð. — Þáttill. sú, er hér liggur fyrir, fjallar um það, að til bráðabirgða fái ríkisstjórnin heimild til þess að greiða sömu uppætur og undanfarið á mánaðarlaun starfsmanna ríkisins, þar til afgreiðslu fjárlaga er lokið. Í greinargerð fyrir tillögunni er þess getið, að sérstök nefnd vinni að endurskoðun launlaganna. Ber að leggja á það áherzlu, að sú nefnd hraði störfum, þar sem telja verður eðlilegast fyrir alla aðila, sem hlut eiga að máli, að laun starfsmanna ríkisins verði endanlega ákveðin með breytingu á launalögum.

Reynist ekki mögulegt að ganga endanlega frá launalögum eða breytingu á þeim, áður en afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1950 lýkur, verður í þeim að ákveða launa-
uppætur til starfsmanna ríkisins fyrir árið 1950.

Við leggjum því til, að þáttill. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 15. des. 1949.

Erl. Þorsteinsson, Jónas G. Rafnar.
fundaskr., frsm.